



HÓTEL Norðurljós RAUFARHÖFN



RAUFARHÖFN er um 250 manna sjávarþorp austan til á Melrakkaslétu, eða Sléttunni í Norður Þingeyjarsýslu. Á árum áður var Raufarhöfn einn mesti síldarsöltunarstaður landsins og jafnframt ein helsta útflutningshöfnin. Merki um þessa starfsemi sjást ennþá í þorpinu, þótt þeim fari fækkandi.

Hótel Norðurljós tengist reyndar atvinnusögu Raufarhafnar, aftur um 40 ár eða svo. Húsið var upphaflega reist sem verbúð og hýsti allt að 200 síldarstúlkur sem komu á sumrin til að salta síld á Óðinsplani. Eftir lok síldarævintýrisins var verbúðinni breytt í hótél og nú er í húsnæðinu 15 tveggja manna herbergi með öllum helstu þægindum. Í hótelinu er einnig bar og veitingastaður sem býður upp á fjölbreyttan matseðil.

Hótel Norðurljós er þrýðilega staðsett í gamla hluta þorpsins við höfnina. Frá veitingastað hótelsins er frábært útsýni út á haf og yfir höfnina þar sem gjarnan getur að líta sjómenn gera bátana klára. Á Raufarhöfn er að finna tjaldstæði, sundlaug, heilsurækt, verslun, söluskála og fleira.



HEILSÁRSHÓTEL
15 HERBERGI
MEÐ BAÐI OG SJÓNVARPI
VEITINGASTAÐUR FYRIR
80 -90 GESTI OG BAR
GÖNGULEIÐIR
Á RAUFARHÖFN
ER SUNDLAUG
OG SVEFNPOKAPLÁSS

HÓTEL NORÐURLJÓS
AÐALBRAUT 2, 675 RAUFARHÖFN
SÍMI: 465 1233 , FAX: 465 1383,
NETFANG: ebt@vortex.is
VEFFANG: www.raufarhofn.is

Njótið náttúru og þæginda norður undir heimskautsbaug. Óspillt náttúra, frábært útsýni.

Náttúran

Raufarhöfn og nágrenni býður upp á marga útvistarmöguleika. Melrakkaslétta er tilvalin fyrir náttúruunnendur. Rekaviður er dreifður með ströndinni en á henni eru fjölmargar litlar vikur, vogar og lón. Á grösugum heiðunum er fjöldi tjarna og silungvatna.

Náttúra svæðisins er einstök og ósnert. Á þessum slóðum skín miðnætursólin lengur en víðast annars staðar á Íslandi. Samleikur veðrabrigða og ljóss á afskekktum stað magnar upp dulræna stemningu. Fátt jafnast á við að ganga eftir malarkambi milli sjávar og lóns þegar sjávarþokan veltur inn á ströndina.

Hraunhafnartangi og Rifstangi á Melrakkasléttu eru aðeins 3 kílómetra sunnan heimskautsbaugs. Út á Hraunhafnartanga er stikuð leið, eftir malarströndinni að vitanum en þaðan er skammt að dys landnámsmannsins Þorgeirs Hávarssonar. Sagan segir að hann þar hafi hann verið heygður eftir mikla orustu sem átti sér stað úti á tanganum..



Fuglalíf

Fuglalíf á Melrakkasléttu, á Höfða og í nágrenni við Raufarhöfn er fjölskrúðugt. Kottjörnin í þorpinu miðju er skilgreint fuglaverndarsvæði. Úr hótelinu sjálfu hefur sést til meira en tuttugu tegunda á einum og sama deginum en úr þorpinu meira en sextíu tegundir. Svæðið er viðkomustaður fyrir margar tegundir á leið í varplendi sín. Inn í landi, á mýrlendi og/eða lyngheiðum, er að finna endur, álfur og fjölmargar tegundir vaðfugla. Niður við ströndina sést m.a. til æðarfugls, máfa, kriu og svartfugls.

Vorin eru afar spennandi tími en mikilvægt að fara varlega og sýna tillitsemi á varptímanum. Þegar ungarnir eru komnir, þurfa ökumenn að sýna sérstaka varfærni á Melrakkasléttu, en ungarnir sækja gjarnan í að sitja á veginum.

Gönguleiðir

Gönguleiðir um og í nágrenni þorpsins eru sérlega áhugaverðar og eru tvær þeirra merktar.

Hringleið um Höfðann, helsta kennileitis þorpsins er vinsæl gönguleið heimafélks. Hringurinn tekur um eina og hálfu klukkustund. Venjulega er lagt upp norðan við kirkjuna og haldið sem leið liggur að sjónum meðfram ströndinni og upp á Höfðann. Hægt er að fylgjast með bátum láta úr höfn eða lóna við veiðar úti fyrir ströndinni.

Önnur merkt leið er **umhverfis þorpið**. Gengið er eftir Ásnum, innan þorpsins, niður að sjónum og með ströndinni. Leiðin liggur m.a. fram hjá fuglaverndarsvæðinu við Kottjörn.

Að **Ólafsvatni** er 5km stikuð leið. Lagt er af stað fyrir utan byggðakjarnan nyrðst í Ásgötunni en Ólafsvatn er á leiðinni fyrir ofan þorpið. Ekki þarf leyfi til að kasta fyrir fisk í vatninu sem er innan þorpsmarka.

